

Fundur í langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 7. júní 2022

Staðsetning: Teams fundur.

Tímasetning: Fundur hófst kl. 8:00

Fundarmenn: Gísli Vilberg, Inga Dís, Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Inga Dís fór yfir "pilot" verkefni sem hún mun taka að sér í sumar á skrifstofu FRÍ. Ferlar varðandi umsóknir í götuhlaupum, samskipti við dómara og hlaupahaldara, vistun gagna og almenn yfirferð á þeim þáttum sem hlaupahaldarar þurfa að standa skil á svo að hlaup komist á afrekskrá. Þessir þættir o.fl eru tilgreindir í uppfærðri reglugerð um framkvæmd götuhlaupa. Þetta verkefni verður keyrt fram á haust og þá verður staðan metin varðandi framhaldið. Inga mun einnig leggja mat á hversu mikil vinna felst í þjónustunni við hlaupahaldara og þá um leið getum við gert kostnaðarmat. Það er ljóst að þetta verkefni er mjög umfangsmikið og það er mikill fengur í því fyrir FRÍ og langhlaupanefnd að fá einn mesta reynsluboltann í hlaupahaldi til að keyra það áfram.
2. Friðleifur ræddi árangurinn af hlaupaþjálfaranámskeiði sem FRÍ hélt núna um Hvítasunnuhelgina. Tonie Sörensen úr langhlaupanefnd bar hitann og þungann af þessu námskeiði og á mikið hrós skilið. Frábær vinna. Eftir samtal við hana er ljós að mjög vel tókst til og þátttakendur almennt mjög ánægðir. Tonie mun á næstunni hafa samband við þátttakendur og fá frá þeim endurgjöf á efni og árangur námskeiðisins. Hún mun deila þessum með okkur á næsta fundi.
3. Önnur mál:
 - Birting á uppfærðri reglugerð um framkvæmd götuhlaupa. Skrifstofa FRÍ beðinn um að koma reglugerðinni í vef FRÍ sem allra fyrst.
 - Vistun fundargerða. Gísli tekur að sér að koma öllum fundargerðum einnig á Google svæði Langhlaupanefndar. Skrifstofa FRÍ birtir sem áður á vef sambandsins.
 - Frétt á vef sambandsins um hlaupaþjálfaranámskeiðið. Inga Dís benti á að gott væri að koma í loftið jákvæðri frétt um að kennarinn á hlaupaþjálfaranámskeiði FRÍ hafi verið enginn annar en sigurvegarinn í Hengilshlaupinu. Friðleifi falið að kasta upp texta og setja sig í samband við Mörtu.
4. Fundi slitið kl. 9:00.

Friðleifur ritaði fundargerð.